

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 11/2018.

Reykjavík, 25.05.2018

2018020259

Efni: Innköllun á Now B-100 fæðubótarefni.

Icepharma hefur, að höfðu samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað fæðubótarefnið B-100 frá Now vegna þess að það inniheldur of mikið af B6-vítamíni.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin **einskorðast** við:

Vörumerki: Now.

Vöruheiti: B-100.

Best fyrir dagsetningar: Allar.

Lotunúmer: Öll.

Strikanúmer: 733739004369.

Nettómagn: 100 hylkja pakkning.

Framleiðandi: Now Foods.

Framleiðsluland: Bandaríkin.

Innflytjandi: Icepharma, Lynghálsi 13, 110 Reykjavík.

Dreifing: Verslanir um land allt.

Varan inniheldur 100 mg af B6-vítamíni í ráðlögðum daglegum neysluskammti. Efri öryggismörk fyrir fullorðna skv. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) vegna neyslu á vítamíninu eru 25 mg á dag.

Neytendum sem hafa keypt vöruna er bent á að neyta hennar ekki eða farga. Nánari upplýsingar veitir Icepharma í síma 540 8000.

